

HÚSÖNDIN

42.tbl. 1.árg.
28.nóv. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 29. NÓVEMBER- 12. DESEMBER



29.11 *Einar Eyþórsson*

30.11 *Hrefna Sigurgeirsdóttir, Jón Arnar Ómarsson*

1.12 *Davíð Örvar Hansson*

3.12 *Borgerður Egilsdóttir, Joanna Figliuzzi Herrera*

4.12 *Adolfo Garcia Avila*

5.12 *Petr Vican*

6.12 *Kristín Þ. Sverrisdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir*

7.12 *Jóhanna Harpa Sigurðardóttir*

9.12 *Joanna Marta Jarzyna, Lárus Björnsson, Atli Sigurðarson*

12.12 *Rúnar Þór Jóhannsson*



Aðventukvöld í desember

Aðventukvöld verður þriðjudaginn 11. desember
í Reykjahlíðarkirkju og hefst klukkan 20:00

Kveikt verður á aðventukertunum og sungið, lesin jólasaga
og aðventuhugleiðing auk annars.

Kór undir stjórn Ilonu Laido syngur jólalög.

Geymið auglýsinguna! Nánar auglýst í byrjun desember

Gleðilega aðventu!

Verið velkomin

Kirkjukórarnir



100 ára fullveldisafmæli Íslands

30 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum

Þann 1. desember verður aldarafmæli fullveldis á Íslandi. Framhaldsskólinn á Laugum varð einnig 30 ára núna í haust. Í tilefni af þessum afmælum bjóða sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit ásamt Framhaldsskólanum á Laugum til hátíðar- og skemmtidagskrár 1. desember nk. kl. 14:00 í íþróttahúsinu á Laugum. Stjórnandi samkomunnar verður Una María Óskarsdóttir varaþingmaður en hún ólst upp á Laugum.

Hátíðar- og skemmtidagskrá

1. Nemendur úr 9. bekk Þingeyjarskóla spila á marimbahljóðfæri
2. Kristjana Freydís Stefánsdóttir sigurvegari Tónkvíslar 2018 syngur lag og hljómsveit Laugaskóla spilar undir
3. Eyhildur Ragnarsdóttir nemandi í Stórutjarnaskóla leikur á þverflautu
4. Rannveig og Þórunn Helgadóttir nemandur í Stórutjarnaskóla flytja tvísöng
5. Ágúst Torfi Hauksson framkvæmdastjóri Norðlenska og Laugaskólastjórásonur flytur skemmtiræðu.
6. Arna Þóra Ottósdóttir nemandi í Reykjahlíðarskóla syngur lag við undirleik Ilonu Laido.
7. Samspil frá nemendum Reykjahlíðarskóla



Skútustaðahreppur



Þingeyjarsveit

8. Sólveig Þráinsdóttir sjúkráþjálfari og fyrrum Lauganemi flytur skemmtiræðu
9. Stefán Jakobsson, JAK, fyrrum Lauganemi og söngvari Dimmu tekur nokkur lög
10. Leiklistarnemendur Laugaskóla flytja söngatriði úr leikritinu Vælukjóanum
11. Karlakórinn Hreimur tekur nokkur lög

Eftir dagskrána býður Laugaskóli viðstöddum í afmæliskaffi í Gamla skóla og frá 16:00 verður ókeypis í sundlaugina á Laugum í boði Þingeyjarsveitar.

Fjölskyldudagskrá í Dimmuborgum og Jarðböðunum

Sunnudaginn 2. desember verður sérstök barnadagskrá í Mývatnssveit í tilefni fullveldisafmælisins í boði Skútustaðahrepps, Mývatnsstofu og Jarðbaðanna.

Dagskráin hefst kl. 11:00 í Dimmuborgum þar sem jólasveinarnir taka á móti gestum, spjalla um heima og geima, syngja og dansa. Svo er aldrei að vita nema að börnin fái einhvern glaðning.

Frá kl. 14:00 til 15:00 ætlar DJ Henri að koma okkur í jólaskapið þennan fyrsta sunnudag í aðventu og halda fjölskylduteiti í Jarðböðunum við Mývatn. Ókeypis verður Jarðböðin fyrir 12 ára og yngri, unglingar 13-15 ára greiða 1.000 kr. og fullorðnir 3.000 kr

Eigum góða stund saman á milli kl 11:00 og 15:00 sunnudaginn 2. desember í Mývatnssveit, töfralandi jólanna.

Undirbúningsnefndin

Styrkjum Freyju á Grænavatni.

Freyja Kristín Leifsdóttir býr með Haraldi Helgasyni manni sínum á Grænavatni. Í sumar greindist hún með krabbamein í annað sinn. Í fyrra skiptið var það krabbamein í brjósti en núna er það krabbamein í mænuvökva.

Þegar einhver í okkar litla samfélagi lendir í svona miklum erfiðleikum þá snertir það okkur öll. Freyja hefur þurft að dvelja mikið á sjúkrahúsinu á Akureyri í veikindum sínum og hefur Harri ferðast flesta daga á milli heimilis og Akureyrar til að geta verið með henni. Það er því ljóst að ferðakostnaður er töluverður hjá þeim, fyrir utan allan annan kostnað sem fylgir svona alvarlegum veikindum.

Við getum ekki linað þjáningar þeirra en við getum létt undir með þeim fjárhagslega og gert þeim kleift að dreifa huganum á þessum erfiðu tímum.

Höfum við því stofnað reikning til styrktar þeim í Sparisjóði Suður- Þingeyinga.

Reikningsnúmerið er: 1110-05-408080 kt. 061267-4689

Þeir sem vilja leggja þeim lið geta lagt inn á reikninginn í Sparisjóðnum, því ekki veitir af liðsinni okkar í þessum miklu veikindum.

Margt smátt gerir eitt stórt.

Með fyrirfram þökk
vinir Freyju og Harra.





Frá Reykjahlíðarskóla

Kveikt verður á jólatré við Reykjahlíðarskóla
mánudaginn 3. desember kl. 10:00.
Á eftir verður boðið upp á kakó og piparkökur.

Jólatónleikar tónlistarskólans verða 6. desember
í Reykjahlíðarskóla kl. 16:30.

Allir velkomnir.


Jólasmiðja á Laugum

Hin árlega jólasmiðja í Listasmiðjunni á Laugum verður
mánudaginn 3. desember frá kl. 18:30-21. Unnið er með
hreinan postulínleir, mótuð lítil kertastæði og fallegt
jólaskraut. Munirnir eru svo sóttir, brenndir, föstudaginn 7.
desember kl. 17, þússaðir og sett bönd í skrautið.

Efniskostnaður kr. 3000.-

Komdu og eigðu notalega og skapandi jólastund í Listasmiðjunni. Foreldrar
mega skrá börnin sín með á námskeiðið.

Skráning hjá Anitu í s: 698 5161 eða í tölvupóstfangi anitakg@gmail.com



Þekkingarnet
Þingeyinga

Myndataka að eigin vali

Þar sem líður að jólum er upplagt að skella sér í myndatöku. Ég býð uppá einnar klukkustundar myndatöku með góðum búnaði og faglegum vinnubrögðum. Þú getur pantað tíma í síma: 844-9929 eða sent tölvupóst á marcinkozaczek@interia.pl Verð kr: 15.900 (6 útprentanir í stærð 13x18).

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Húsöndin verður í fríi í næstu viku og svo yfir hátíðirnar. Útgáfudagar fram að áramótum eru því: 12. og 19. desember.

Jólaþveðjum þarf að skila fyrir kl. 14 þriðjudaginn 18. desember.

Hafið það gott, kær kveðja, Arnþrúður



Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps stendur fyrir aðventuhreyfingu fyrir alla fjölskylduna laugardaginn 8. desember. Sett verður upp stutt braut ca 5 km en þátttakendur ráða sjálfir vegalengdinni sem þeir vilja fara.

Aðventuhlaupið hefst stundvíslega kl. 10:30 og verður skráning á staðnum. Húsið opnar kl. 10:00 og hvetjum við alla til að mæta tímanlega.

Boðið verður upp á léttu hressingu í lokin og dregnir verða út veglegir vinningar.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

Hlökkum til að sjá ykkur





Jólasveinarnir í Dimmuborgum

taka á móti gestum

1. desember - 24. desember frá kl 11:00 - 13:00

18 ára og eldri greiða 1.500kr í Grýlusjóð

www.yulelads.is

Jólasveinateiti, markaðsdagur og hið árlega jólabað jólasveinanna

verður laugardaginn 8. desember

Jólasveinateiti frá kl 11:00 - 13:00

Jólabað jólasveinanna í Jarðböðunum kl 16:00

Markaður í Jarðböðunum frá kl 14:00 - 18:00

Handverk, afurðir beint frá býli, íslensk hönnun og margt fleira í boði. Glæsilegur markaður í ár, allt í jólapakkann!

Sjáumst í hátíðarskapi!

Myvatnssveit, töfraland jólanna

www.visitmyvatn.is

www.yulelads.is



MYVATN NATURE BATHS

Aðventuveisla í Vogafjosi 3.- 9. desember

– opið frá kl. 12- 20:30 (eldhúsið lokar kl. 20:00)

- **Miðvikudaginn 5. des** tónleikar með Fjarðadætrum og Heru Björk ásamt fylgdarliði kl. 21:00
þriggja rétta kvöldverður fyrir tónleika
- **Fimmfundaginn 6. des** bjóðum við krökkum að heimsækja okkur og kíkja í fjós kl. 16:45 eftir leikskóla og skóla. Heyrst hefur að einhverjir jólasveinarverði á sveimi og komi við í Vogafjosi.
- **Föstudaginn 7. des** tónleikar með Guðrúnu Gunnarsdóttur ásamt fríðu föruneyti kl 21:00
þriggja rétta kvöldverður fyrir tónleika.

Nauðsynlegt er að bóka kvöldverð fyrirfram í síma 4643800/8473968 eða netfang vogafjos@vogafjos.is.

Húsið opnar kl. 18:30 og kvöldverður hefst kl. 19:00

Matseðill:

Forréttur: Heimagerður mozzarellaostur og hrátt hangikjöt með meðlæti

Aðalréttur: Val um hægeldaða lambaskanka, pönnusteiktan silung eða grænmetisrétt

Eftirréttur: Skyr mús með heitri berjasósu

Tónleikar hefjast kl. 21:00 og aðgangur er ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin til styrktar Freyju og Harra á Grænavatni.

Gleðjumst á aðventunni, komum saman og njótum góðrar tónlistar og styrkjum gott málefni.

Allir hjartanlega velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Mánudaginn 10. des förum við í jólafrí en opnum aftur á nýju ári fimmtudaginn 10. janúar.

Með ósk um gleðilega aðventu,



Vogafjós

Restaurant - Café
Guesthouse

VISSIR ÞÚ

AÐ Á SÍÐASTA ÁRI
FÓRU

218.000

GESTIR Í JARÐBÖÐIN
Í MÝVATNSSVEIT, SEM ER
JARÐHITAVATN ÚR
BJARNARFLAGI?



www.eimur.is



facebook.com/eimurNA



instagram.com/eimur_iceland

EIMUR

100 ára fullveldi Íslands

viðburðadagskrá í Þingeyjarsýslu 2018

Borgarhólsskóli

Húsavík, 1. desember
Kl. 12:00 - 14:00

Dagana 28.-30. nóvember eru þemadagar í Borgarhólsskóla. Þeim lýkur með uppskeruhátíð laugardaginn 1. desember á 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Á þemadögnum vinna nemendur með 100 ára sögu Íslands á ýmsa vegu. Á laugardeginum mæta nemendur í skólann til að undirbúa sýningu sem verður öllum opin síðar um daginn. Boðið verður upp á þjóðlegar veitingar og bakkelsi.

Kvennakór

Hátíðardagskrá 1. desember
Húsavíkurkirkja
kl. 17:00

Flutt verða íslensk ættjarðarlög við ljóð þjóðskálda okkar sem ruddu braut þjóðarinnar í átt að sjálfstæði Íslands. Hátíðarræðu flytur Kolbrún Ada Gunnarsdóttir.

Stjórnandi kórsins er Hólmfríður Benediktsdóttir
Píanóleikari er Steinunn Halldórsdóttir.

Húsavík

Sunnudaginn 2. desember
Kl. 17:00

Verða ljósin tendrað á jólatrénu á Húsavík sungið og dansað í kringum það.

Ávörp og hugvekja, söngur og skemmtun. Soroptimistakonur verða með heitt kakó til sölu.

Jólamarkaður Völsungs kl. 11:00 - 15:00 í sal Borgarhólsskóla.

Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslu senda íslendingum nær og fjær hátíðarkveðju í tilefni 100 ára fullveldis Íslands

Mývatnssveit

Sunnudaginn 2. desember
Dimmuborgir / Jarðböðin
Kl. 11:00 / 14:00

Sérstök barnadagskrá í Mývatnssveit í tilefni fullveldisafmælisins í boði Skútustaðahrepps, Mývatnsstofu og Jarðbaðanna. Jólaveinar taka á móti börnum í Dimmuborgum frá kl. 11.00. Frá kl. 14:00 til 15:00 ætla svo DJ Henri að koma okkur í jólaskaðið þennan fyrsta sunnudag í aðventu og halda fjölskylduteifi í Jarðböðunum við Mývatn. Ókeypis verður Jarðböðin fyrir 12 ára og yngri, unglingar 13-15 ára greiða 1.000 kr. og fullorðnir 3.000 kr.

Laugur

30 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum 1. desember
Íþróttahúsið á Laugum
Kl. 14:00

Nemendur Þingeyjarskóla, Stórutjarnarskóla, Reykjahlíðarskóla og Laugaskóla tróða upp ásamt döðrum skemmtiatriðum. Söngskemmtun
Effir dagskrána býður Laugaskóli viðstöddum í afmæliscaffi í Gamla skóla og frá 16:00 verður ókeypis í sundlauginu á Laugum í boði Þingeyjarsveitar

Kópasker

Sunnudaginn 2. desember
Jólatré / Íþróttahúsið / Skólahúsið
Kl. 14:00 / 14:10 / 17:00

14:00 Ljósin tendruð á jólatrénu á Kópaskeri, sungið og dansað í kringum það
14:20 Dagskrá í íþróttahúsinu á Kópaskeri
Kaffiveitingar í boði Kvenfélagsins Stjórnunnar á Kópaskeri
Lifandi tónlist/afþreying úr héraði
Nemendur úr unglingsdeild Öxarfjarðarskóla verða með fjóröflun
17:00 Aðventustund við flygilinn í Skólahúsinu

Raufarhöfn

Mánudagur 3. desember
Félagsheimilið Hnitbjörg
Kl. 17:30

Nemendur grunnskóla Raufarhafnar sýna stutta leikþætti og rífa upp fullveldisárið 1918.
Leikskólabörnin taka lagið og segja nokkur orð.
Kaffiveitingar í boði Norðrþings. Söngskemmtun.
Samkomu slitið og farið út að jólatrénu í Vogsholti, þar mun Ziggy Andersen nemandi við skólann tendra á trénu.

Annað sem er í gangi þessa helgi á Raufarhöfn er: Jólahlaðborð í Kaupfélaginu laugardaginn 1. des. Bjarni Ómar og Halldór Þórolfsson úr hjómsveitinni Kokteil verða í dándurstuði á Félaganum laugardagskvöldið 1. desember og jólamarkaður sunnudaginn 2. des frá 13:00 til 17:00 líka í Kaupfélaginu